

109

9. okt.

L Ö G

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 57 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, hef látið fella meginmál fyrstnefndra laga inn í lög nr. 45 1927 og gef þau út svo breytt sem lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fákí“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

110

9. okt.

L Ö G

um fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands, hef látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gef þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands:

1. gr.

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verkmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.